

## 13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 króna sektum, er renna í ríkis- 26. sept.  
sjóð. Um aðrar sektir fer samkvæmt gildandi laxveiðilögum.

## 14. gr.

Samþykkt þessari verður aðeins breytt á aðalfundi, ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna sam-  
þykkja og breytingartillagnanna hafi verið getið í fundarboðinu.

## 15. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap og er það þá heimilt og fer um  
félagsslit eftir gildandi ákvæðum laxveiðilaga. Með samþykkt þessari er úr gildi  
felld samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda, nr. 20 22. febrúar 1934.

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og  
silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni  
öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. september 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

## A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, Húnavatnssýslu.

174

27. sept.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 29. júlí 1959:

1. Hjaltabakki .....	13 einingar	24. Haukagil .....	42 einingar
2. Skinnastaðir .....	22 —	25. Saurbær .....	26 —
3. Akur .....	53 —	26. Ás .....	24 —
4. Stóra Giljá .....	4 —	27. Ásbrekka .....	16 —
5. Beinakelda .....	2 —	28. Brúsastaðir .....	5 —
6. Litla Giljá .....	3 —	29. Snæringsstaðir .....	5 —
7. Hnausar .....	74 —	30. Undirfell .....	11 —
8. Bjarnastaðir .....	49 —	31. Nautabú .....	12 —
9. Másstaðir .....	10 —	32. Kornsa .....	11 —
10. Hjallaland .....	9 —	33. Gilsstaðir .....	9 —
11. Hvammur .....	16 —	34. Flaga .....	9 —
12. Eyjólfstaðir .....	9 —	35. Helgavatn .....	9 —
13. Bakki .....	5 —	36. Hnjúkur .....	9 —
14. Hof .....	24 —	37. Breiðabólsstaður .....	8 —
15. Kötlustaðir .....	13 —	38. Miðhús .....	9 —
16. Gilá .....	9 —	39. Vatnsdalshólar .....	74 —
17. Marðarnúpur .....	5 —	40. Sveinsstaðir .....	82 —
18. Guðrúnarstaðir .....	2 —	41. Steinnes .....	27 —
19. Kárdalstunga .....	2 —	42. Leysingjastaðir .....	9 —
20. Þóroormstunga .....	28 —	43. Þingeyrar .....	125 —
21. Sunnuhlíð .....	31 —		
22. Forsæludalur .....	27 —		
23. Grímstunga .....	68 —		
			Samtals 1000 einingar

**174** Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957 um lax- og silungs-  
27. sept. veiði og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Stjórnartíðindi 1960, B. 13.

**175**

6. okt.

## REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verðlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

### 1. gr.

Settar skulu á fót sölubúðir á Keflavíkurflugvelli, er selja tollfrjálsar vörur eingöngu til flugvélaáhafna og farþega með flugvélum þeim, er um flugvöllinn fara í millilandaflugi. Nafn sölubúðanna skal vera: Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Frihöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í frihöfnum erlendis.

### 2. gr.

Frihöfninni skal stjórnað af frihafnarstjóra, sem utanríkisráðherra skipar, og ber hann ábyrgð á rekstri hennar undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur Frihafnarinnar, skal frihafnarstjóri ráða að fengnu samþykki utanríkisráðherra.

### 3. gr.

Þegar kaupanda hafa verið afhentar söluvörur skal tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana um meðferð hinnar seldu vöru, unz farþegar og áhafnir eru komnar um borð í flugvél þá, er flytur þá úr landi.

Einnig skal tollgæzlan hafa eftirlit með sölu Frihafnarinnar á varningi um borð í flugvélum og fylgjast með flutningi varnings, sem keyptur er í Frihöfninni, út í flugvélar og bera ábyrgð á þeim flutningum.

### 4. gr.

Frihöfnin fær, unz annað kann að verða ákveðið, til umráða í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofu og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma.

### 5. gr.

Frihafnarstjóri skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru til Frihafnarinnar.

Skal skráin þannig gerð að sjá megi glögglega hverjar tegundir varnings eru þangað fluttar og hve mikið af hverri um sig.

Þegar vörur eru sendar til Frihafnarinnar skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan bera ábyrgð á og hafa eftirlit með að vörur þessar séu flutt til Frihafnarinnar.

### 6. gr.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning ber að endurgreiða nefnd gjöld ef Frihöfnin